

3  
13. febr.

### **Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 7. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um breyting á siglingareglum fyrir Reykjavíkurhöfn frá 13. jan. 1942.**

Samkvæmt ósk brezku flotayfirvaldanna, Íslandi, leiðréttist niðurlag (neðanmálgrein) siglingareglna fyrir Reykjavíkurhöfn, sem birtar eru í 1. tölublaði Lögbirtingablaðsins 17. janúar 1942, sem hér segir:

Í stað:

- (1) Hvítt flagg með bláum röndum láréttum efst og neðst og rauðri rönd lárétrí í miðjunni.
- (2) Gult flagg með bláum röndum lóðréttum.
- (3) Hvít veifa með rauðum hnetti.

komi:

- (1) Gult flagg með bláum röndum lóðréttum.
- (2) Hvítt flagg með bláum röndum láréttum efst og neðst og rauðri rönd lárétrí í miðjunni.
- (3) Hvít veifa með rauðum hnetti.

4  
2. jan.

## **REGLUGERÐ**

**um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda er bíða tjón af þeim, samanber lög nr. 75 27. júní 1941.**

### **I. KAFLI**

#### **Um framkvæmdastjórn.**

##### **1. gr.**

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

##### **2. gr.**

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanninn formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, sem Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

Heimilt er að hafa framkvæmdarstjóra 2, ef nefndin telur það nauðsynlegt, og skiptir hún verkum með þeim.

##### **3. gr.**

Verkefni framkvæmdanefndar er:

1. að hafa stjórn þeirra sóttvarnarráðstafana, er um ræðir í reglugerð þessari;
2. að úthluta bótum eða styrktarfé, sem árlega er veitt í fjárlögum til þeirra bænda, er beðið hafa tjón af þeim sjúkdómum, sem reglugerð þessi fjallar um;
3. að vinna að því að bændur, sem hafa þá sauðfjársjúkdóma í fé sínu, er lög þessi ná til, komi sér upp hraustari fjárstofni með úrvali eða fjárskiptum;

4. að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt; 4
5. að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um þau mál, er sérstaklega standa í sambandi við þessa sauðfjársjúkdóma. 2. jan.

## 4. gr.

Landbúnaðarráðherra getur kvatt mann eða menn sauðfjársjúkdómanefnd til aðstoðar við framkvæmd laga nr. 75 1941 eða bætt mönnum í nefndina. Menn þessir skulu sérstaklega kunnugir staðháttum í þeim landshlutum, sem nefndarmenn eru lítt kunnugir í.

Verkefni þessara fulltrúa er:

1. að gera tillögur um sóttvarnarráðstafanir í þeim héruðum, er þeir eru fulltrúar fyrir, gegn þeim sauðfjársjúkdómum, er verjast skal;
2. að gera tillögur um tilhögun á útrýmingu sauðfjársjúkdóma, þar sem nauðsyn krefur;
3. að vera í samstarfi við nefndina um úthlutun bóta og styrktarjár í viðkomandi héruðum;
4. að annast um að fyrirmælum sauðfjársjúkdómanefndar sé hlýtt, og hafa á hendi framkvæmdir á ákvörðunum nefndarinnar, svo sem þörf krefur á hverjum tíma.
5. Nú hefur sérstök nefnd verið skipuð fyrir hérað eða landshluta, og er þá heimilt að fela henni allar ráðstafanir, samkv. 1. lið, undir yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar.

## 5. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að kveðja menn sér til aðstoðar í þeim héruðum, þar sem meiri háttar sóttvarnir eða útrýmingar ráðstafanir fara fram, enda séu ekki stjórnskipaðir fulltrúar starfandi í þeim héruðum. Nefndin setur þeim erindisbréf og er verkefni þeirra hið sama og hinna stjórnskipuðu fulltrúa.

## II. KAFLI

## Sjúkdómar, er reglugerð þessi nær til.

## 6. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Garnaveiki.
3. Þingeyskrar mæðiveiki.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar, koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði reglugerðar þessarar ná einnig til þeirra, eftir því sem við á.

## III. KAFLI

## Um varnir.

## 7. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við framkvæmdanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er reglugerð þessi nær til.

Heimilt er skoðunarmönnum, er framkvæmdastjóri eða fulltrúar sauðfjársjúkdómanefndar hafa ráðið til þess starfa, að slátra grunsömum kindum, til þess að ganga úr skugga um útbreiðslu veikinnar, gegn þeim bótum, er nefndin ákveður.

4

2. jan.

## 8. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhvern af áður greindum sjúkdómum geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

Þyki hreppstjóra grunsamlegt, að um mæðiveiki eða þingeysku mæðiveikina geti verið að ræða, skal hann láta einangra það fé, sem hinar grunuðu kindur voru með, unz úrskurður um veikina er fenginn og framkvæmdastjóri hefur gert þær ráðstafanir, er hann telur nauðsynlegar. Kostnaður við þessa einangrun greiðist úr ríkissjóði.

## 9. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, með samþykki landbúnaðarráðherra, að setja aðalvarðlínur til þess að hindra útbreiðslu framan talinna sauðfjár sjúkdóma.

Þessar varðlínur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

Aðalvarðlínur eru þær línur taldar, er liggja þannig, að réttmætt sé talið að hindra fjársamgöngur yfir þær, þótt þeirra verði ekki þörf til varnar gegn sjúkdómum þeim, er hér um ræðir. Skulu þær lagðar á kostnað ríkissjóðs. Aðalvarðlínur eru þær, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 88 9. júlí 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjár sjúkdóma og heimild til samþykktu um fjárskipti. Sauðfjár sjúkdómanefnd getur, með samþykki ráðherra, ákveðið fleiri aðalvarðlínur, ef hún telur þeirra þörf, til þess að hindra fjársamgöngur um sinn.

## 10. gr.

Nú vilja bændur á takmörkuðum svæðum verjast fjársamgöngum með því að setja upp varnargirðingar. Telji framkvæmdanefnd það nauðsynlegt, er henni heimilt að setja upp slíka girðingu, gegn því að hlutaðeigandi bændur leggi fram eigi minna en flutning á öllu efni frá hafnarstað og  $\frac{1}{3}$  kostnaðar við uppsetningu girðingarinnar, en ríkissjóður kosti girðinguna að öðru leyti, enda sé hún eign ríkisins. Girðingar þær, er hér um ræðir, teljast aukavarðlínur.

Nú vilja bændur setja upp varnargirðingu fyrir eitt byggðarlag eða nokkra bæi og framkvæmdanefnd telur líklegt, að hún geti orðið til þess að stöðva útbreiðslu veikinnar í þessu byggðarlagi, og getur þá nefndin veitt styrk til slíkra girðinga, þó ekki yfir  $\frac{1}{3}$  af verði gaddavirsins, enda verði girðingin eign þeirra, er kosta hana að öðru leyti.

## 11. gr.

Nauðsynleg varzla, að dómi nefndarinnar, með varðlínunum þeim, er um ræðir í 9. gr. og 10. gr. 1. málgr., greiðist úr ríkissjóði, sömuleiðis viðhald girðinga, meðan þeirra er þörf til varnar útbreiðslu sjúkdóma, er reglugerð þessi nær til, sbr. 27. gr.

Teljti framkvæmdanefndin ekki þörf að viðhalda girðingu á aukavarðlínu, má hún því aðeins taka hana upp, að bændur í hlutaðeigandi byggðarlagi vilji ekki kaupa hana fyrir hæfilegt verð, að dómi nefndarinnar eða eftir mati.

## 12. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að setja upp einangrunargirðingar til þess að geyma í sjúkt og grunað fé í þeim héruðum, sem veikin er ekki mikið útbreidd, og sé það gert í samráði við hlutaðeigandi sýslunefnd. Sýslufélagið leggur til land undir

girðingu og kostnað við uppsetningu, en girðingarefni og flutningur á næsta hafnarstað skal lagður fram sem annar kostnaður við varnirnar. Þessar girðingar eru eign ríkisins. 4 2. jan.

## 13. gr.

Heimilt er að leggja girðingar þær, er um ræðir í 9. og 10. gr., um lönd einstakra manna og afrétti eftir því, sem framkvæmdastjóri telur haganlegast.

Náist ekki samkomulag við landeiganda um land undir einangrunargirðingu, samkvæmt 12. gr., er sýslunefnd heimilt, í samráði við framkvæmdastjóra, að taka land undir slíka girðingu leigunámi, og fer þá um leigunámið samkvæmt ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Bætur fyrir landsþjöll, átroðning, afnotamissi lands eða önnur óþægindi vegna girðinga, sem um getur í 9. gr. og 12. gr., koma ekki til greina nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Skulu þá dómkvaddir menn meta tjónið, er greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði, enda séu varnirnar framkvæmdar að meira eða minna leyti í þágu þess sveitarfélags. Annars greiðir það hreppsfélag, er næst liggur og nýtur varnanna. Úrskurði matsmanna má áfrýja til yfirmats.

## 14. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

## 15. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varðlínur þær, sem um ræðir í 9. og 10. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

## 16. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

## 17. gr.

Flutningur sauðfjár yfir varðlínur, er um ræðir í 9., 10. og 12. gr., er bannaður, nema samþykki framkvæmdastjóra komi til. Kindum, sem leita mjög á að komast yfir varðlínu, má varðmaður slátra, en gera skal hann það verð úr, sem unnt er, ef eigandi getur ekki hirt það sjálfur. Heimilt er framkvæmdanefnd að banna flutning á fé bæja á milli og til dvalar, þar sem hún telur þess þörf.

## 18. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við aðalvarðlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því sé lógað.

## 19. gr.

Nú kemur fé fyrir á svæði, sem er sýkt eða grunað af garnaveiki, og eigendur þess eða viðkomandi upprekstrarfélag hefur ekki gert ráðstafanir til að hirða það sérstaklega, og skal þá hreppstjóri láta slátra því, verði ekki öðrum fulltryggum ráð-

4 stöfunum við komið, en gera skal hann það verð úr, að fjáreiganda verði sem minnst 2. jan. tjón af.

## 20. gr.

Heimilt er framkvæmdanefnd og sveitarstjórn eða stjórnnum upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdanefndar, að fyrirskipa breytingu á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til þess að hindra útbreiðslu þeirra sauðfjársjúkdóma, er hér um ræðir. Breytingar þessar skulu bornar undir hlutaðeigandi stjórnir upprekstrarfélaga, áður en þær eru fyrirskipaðar. Breyting þessi telst ekki brot á fjallskilareglugerð.

## 21. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlega kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða lógað. Sama skylda hvílir á fjáreigendum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlinur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er.

## 22. gr.

Fáist vissa fyrir, að einhver þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til, hafi borizt yfir varðlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við framkvæmdanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

## 23. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

## 24. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

## 25. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, hvenær sem hún telur þess þörf, að láta fara fram rannsókn á öllu sauðfé, þar sem líkur eru til, að garnaveiki geti verið.

Við þessar rannsóknir skal ríkið leggja til lyf, tæki og einn rannsóknarmann í hverjum rannsóknarflokki. Sveitarfélagið leggur hverjum rannsóknarmanni til einn aðstoðarmann og greiðir honum kaup, og sé hann valinn í samráði við rannsóknarmanninn. Skylt er fjáreigendum að leggja til aðra aðstoð við rannsóknirnar, eftir því sem við þarf. Heimilt er framkvæmdanefnd að veita sveitarstjórn undanþágu frá því að kosta aðstoðarmann við garnaveikirannsóknir í þeim hreppum, sem mæðiveiki er einnig í fé bænda.

## 26. gr.

Nú hefur einhver þeirra búfjársjúkdóma, sem um ræðir í 6. gr., borizt yfir varðlínu, án þess fullvíst sé með hverjum hætti það hefur orðið, og skal þá fram fara réttarrannsókn til þess að fá það upplýst, ef unnt er.

## 27. gr.

4

2. jan.

Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 9.—12. gr. og viðkomandi héruðum er ekki gert að standa straum af, greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður fær síðan 2/3 hluta kostnaðarins endurgreiddan, og sé því gjaldi jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög eða hluta úr þeim, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aur. á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

Nú lætur framkvæmdanefnd rannsaka sauðfé í öryggisskyni á svæði, er reynist ósýkt, og skulu fjáreigendur þar undanþegnir 10 auru gjaldi það ár, er rannsóknin fer fram, enda hafi sveitarstjórnin kostað mann við rannsóknirnar.

## IV. KAFLI

## Um stuðning til bænda og bætur.

## 28. gr.

Fé því, sem veitt er árlega í fjárlögum til stuðnings fjáreigendum, sem tjón hafa beðið af völdum þeirra sjúkdóma, er reglugerð þessi nær til, skal varið sem hér segir:

1. Til greiðslu upp í vexti af lánnum bænda og upp í jarðarafgjald leiguliða. Þau ein lán koma til greina, að þau séu stofnuð vegna búrekstrar viðkomandi manns. Tilgreina skal skuldareigendur og vaxtakjör. Vaxta- og jarðaaufgjaldsstyrk skal úthluta til bænda í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum sjúkdómanna, en jafnframt sé höfð hliðsjón af afkomumöguleikum þeirra að öðru leyti.
2. Til vega í viðkomandi héruðum án framlags úr sýslu- eða sveitarsjóði.
3. Til greiðslu á styrk til framræslu vegna tún- eða engjaræktar, endurræktunar í túni, túnasléttunar og til garðræktar, er nemi þrefaldri þeirri fjárhæð, sem nú er greidd á verkeiningu samkv. jarðræktarlögunum, ef ekki er um véla-vinnu að ræða, annars tvöfaldur styrkur. Til túnauka má greiða allt að jafnháum styrk og jarðræktarstyrknum nemur. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

Heimilt er að verja því styrktarfé, er fellur undir þennan lið, til vinnu við aðrar umbætur á jörðinni, að fengnu samþykki framkvæmdanefndar í hverju einstöku tilfalli.

4. Til styrktar nýjum fyrirtækjum, sem gera framleiðslu bænda verðmæta eða fjölbreytta, svo sem rjómabúum og gróðurhúsum.
5. Til þess að styrkja fjáreigendur að ala upp sauðfé í skarðið fyrir það fé, er þeir hafa misst af völdum þessara sjúkdóma, og vegna ráðstafana, er leiðir af framkvæmd laga þessara.

## 29. gr.

Framkvæmdanefnd skal láta safna skýrslum um tjón það, er hlotizt hefur, svo og um ásetning líflamba. Enn fremur skal hún fá fullkomnar upplýsingar um skuldir viðkomandi bænda, greidd jarðarafgjöld og önnur þau atriði um hag og afkomu, sem hún telur nauðsynlegar vegna úthlutunar styrktarfjárins. Skýrslur þessar skal færa á eyðublöð, er sauðfjársjúkdómanefnd útbýtir.

## 30. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann til að safna skýrslum um fjártjón bænda í hreppnum af völdum sauðfjársjúkdóma þeirra, er um ræðir í reglugerð þessari,

4 og öðrum upplýsingum, er framkvæmdanefndin telur nauðsynlegar vegna úthlutunarinnar. Hver sýslumaður tilnefnir tvo menn til þess að taka á móti skýrslum úr einstökum hreppum í þeirri sýslu og færa þær til samræmis.

Skýrslur þessar skulu komnar til framkvæmdanefndar í síðasta lagi fyrir 15. marz það ár, er úthlutunin fer fram.

### 31. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón fjáreigenda af völdum sauðfjársjúkdómanna og skal hún þá árlega skipta því fé, er fjárlög heimila til stuðnings bændum og um ræðir í 28. gr.

### 32. gr.

Við úthlutun styrks til greiðslu á vöxtum af lánum skal þess gætt að vaxtatillagið hækki í hlutfalli við fjármissinn, þó þannig, að tekið hafi verið tillit til ómegðar, og að áður hafi verið dregið frá bústofnsauki í arðberandi búpeningi, auknar vinnutekjur utan heimilis, tekjur af hlunnindum og tekjur af eignum, s. s. vaxta-tekjur, leiga eftir fasteignir o. s. frv.

Þeir, sem misst hafa samkvæmt þessu af heildartekjum sínum:

10—15 %	.....	fá 1,5 %	vaxtatillag
15—20 %	.....	— 2 %	—
20—25 %	.....	— 2,5 %	—
25—30 %	.....	— 3 %	—
30—35 %	.....	— 3,5 %	—
35 % eða meira	.....	— 4 %	—

miðað við þá upphæð skulda, sem til greina kemur.

Á sama hátt skal reikna fjármissi leiguliða þegar úthlutað er styrk til greiðslu jarðarafgjalda.

Þeir leiguliðar, er misst hafa:

10—15 %	.....	fá 30 %	af greiddu jarðarafgjaldi.
15—20 %	.....	— 40 %	— — —
20—25 %	.....	— 50 %	— — —
25—30 %	.....	— 60 %	— — —
30—35 %	.....	— 70 %	— — —
35 % eða meira	.....	— 80 %	— — —

Heimilt er að reikna vaxtatillagið sem hundraðshluta af upphæð greiddra vaxta á ári, eftir sama hlutfalli og reiknaður er styrkur til greiðslu jarðarafgjalds.

Vaxtatillagið og greiðsla upp í eftirgjald fari þó aldrei fram úr kr. 6.00 á hverja horfna kind, að frádregnum þeim tekjuauka, er talinn er hér að framan. Þeir, sem hafa misst minna en 10% af sauðfjárstofninum, koma ekki til greina við úthlutun vaxtatillags og styrks til greiðslu á eftirgjaldi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Eftir að 3 ár eru liðin frá því að mæðiveikin kom í fé fjáreigenda, er nefndinni heimilt að draga árlega allt að 20% af styrk þeirra fyrir hvert ár, er þeir setja á færri lömb en sem svarar 20% af upphaflegum ærstofni. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að afborgun og hinn hluti vaxtanna sé jafnframt greiddur að fullu eða aðili hafi fengið að minnsta kosti árs greiðslufrest á afborgun hjá viðkomandi lánsstofnun.

### 33. gr.

Fjárhæð þeirri, sem varið er til sýslu- eða hreppavega, skal skipta milli einstakra hreppa í hlutfalli við heildarfjármissi hvers hrepps, þegar frá hefur verið dreginn bústofnsauki og aðrir tekjuaukar, og enn fremur fjármissir þeirra bænda, er njóta uppeldisstyrks. Vegaféð má ekki fara yfir kr. 3.00 á bótaskylda kind.

Heimilt er nefndinni, ef henni þykir nauðsyn til bera, að veita auka-vegastyrk, 4  
er sé varið til endurbóta eða nýbyggingar sýslu- eða hreppavega á fjárpestarsvæðun- 2. jan.  
um, þar sem bændur gætu komið mjólkurvörum sínum daglega á markað eða til  
vinnslu, ef vegleysi hamlaði ekki, enda leggi hlutaðeigandi sýslu- og hreppsfélag  
fram að minnsta kosti jafnháa upphæð. Vegamálastjóri skiptir fénu milli sýslna, en  
sýslunefnd milli einstakra vega innan sýslu, í samráði við vegamálastjóra.

Vegamálastjóri hefur yfirumsjón með vegagerð þessari og öllum greiðslum og  
reikningsskilum, er hana snerta.

#### 34. gr.

Þeir bændur, sem njóta vilja hlutdeildar í styrk til byggingar gróðurhúsa við  
jarðhita, skulu senda umsóknir um það til sauðfjársjúkdómanefndar fyrir 1. marz  
ár hvert. Skulu þeir mynda með sér félag, þar sem öllum bændum í þeim hreppi eða  
næstu hreppum er gefinn kostur á þátttöku. Félagsreglur og kostnaðaráætlun sé sam-  
þykkt af sauðfjársjúkdómanefnd.

Félag með færri en 5 félögum kemur ekki til greina.

Styrkur til gróðurhúsa getur numið allt að  $\frac{1}{4}$  stofnkostnaðar.

#### 35. gr.

Styrkur til stofnunar rjómabúa eða smjörslamaga kemur aðeins til greina í þeim  
héruðum, sem hafa álitleg skilyrði til mjólkurframleiðslu að dómi nefndarinnar og  
hafa hvorki greiðan aðgang að mjólkurvinnslubúum né mjólkursölu. Hvert bú sé  
eign samvinnufélagsskapar bænda í því héraði og samþykki sauðfjársjúkdómanefnd  
starfsreglur þess.

Styrkur til rjómabúa og smjörslamaga getur numið allt að  $\frac{1}{3}$  stofnkostnaðar.

Nú eru stofnuð önnur ný fyrirtæki, sem gera framleiðslu bænda verðmæta eða  
fjölbreytta, og getur nefndin þá, með samþykki ráðherra, ákveðið styrk til þeirra  
samkvæmt hliðstæðum reglum eftir því, sem við á.

#### 36. gr.

Skipta skal auka-jarðræktarstyrknum eftir fjármissi bænda, að frádregnum bú-  
stofnsauka og öðrum tekjuauka, og má hann vera allt að kr. 2.00 á hverja bóta-  
skylda kind. Þó er nefndinni heimilt að veita bónda, sem nýtur lítils eða einkis  
vaxta- eða eftirgjaldsstyrks, nokkru hærri auka-jarðræktarstyrk.

Þeir, sem misst hafa minna en 10% eða fá úthlutaðan lambaupeldisstyrk,  
koma ekki til greina.

Öll framkvæmd þessara jarðabóta skal vera í samræmi við ákvæði jarðræktar-  
laganna eða samkvæmt fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands eða sauðfjársjúkdóma-  
nefndar, enda votti trúnaðarmenn félagsins að jarðabætur séu heppilega ráðnar  
og muni koma að tilætluðum notum.

Búnaðarfélag Íslands annast útborgun styrksins.

Ákvæði 11.—17. gr. jarðræktarlaganna koma ekki til greina um þann viðbótar-  
styrk, sem veittur er samkvæmt þessari grein. Viðbótarstyrkur, sem ekki er unnið  
fyrir á því ári, sem hann er veittur, fellur niður, þó getur nefndin veitt undanþágu  
frá þessu ákvæði, telji hún ástæðu til og þess er sérstaklega óskað af hlutaðeiganda.

#### 37. gr.

Við úthlutun uppeldisstyrks skal leggja til grundvallar skýrslu um búpenings-  
eign aðila um áramót. Skal sú skýrsla gerð eftir fyrirmælum sauðfjársjúkdóma-  
nefndar og sanngildi hennar staðfest af skattanefnd og viðkomandi hreppsfulltrúa.

4

2. jan.

## 38. gr.

Ef mæðiveiki hefur verið meir en 1 ár í fé aðila þegar skýrsla er gerð, má veita honum styrk á þau gimbrarlömb, sem hann á þá á fóðri, þó aldrei á fleiri en sem nemur þeirri fækkun, sem orðin er á ærstofninum.

## 39. gr.

Þegar mæðiveikin hefur verið full tvö ár í fé aðila, skal ákveða, fyrir hversu mörg lömb hann getur fengið uppeldisstyrk. Skal það gert á þennan hátt:

1. Sem stofntala skal tekin ærtala aðila um næstu áramót áður en veikin kom í féð og sé miðað við skattframtal.
2. Því næst skal taka ærtölu þá, sem eftir er, og bæta þar við bústofnsauka, sem lagður sé í ærigildi, þannig:
 

1 kýr á mjólkursölusvæði .....	= 5 ærigildi.
1 kýr utan mjólkursölusvæðis umfram þá fyrstu, sem fjölgað er um .....	= 5 —
1 hryssa .....	= 1 —

Aukning á föstum tekjum skal nefndin leggja í ærigildi eftir verðgildi áa á hverjum tíma. Sömuleiðis þann styrk, sem veittur hefur verið samkvæmt 34. og 35. gr., þar sem því verður við komið.

Mismunur ærigilda í 1. og 2. tölulið er tala þeirra lamba, sem aðili getur fengið uppeldisstyrk á vegna fjárfækkunar. Þessum styrk skal úthluta jafnóðum og sannað er af áramótaskýrslu fjáreiganda, að hann hafi sett á gimbrarlömb af eigin fjárstofni eða keypt þau til ásetnings af þeim fjárstofni, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur sterkan gegn mæðiveiki. Það er enn fremur skilyrði fyrir styrkúthlutun, að sannað sé með vottorði forðagæzlumanns, að fjáreigandi hafi nóg fóður fyrir fénað sinn.

## 40. gr.

Til viðbótar þeim uppeldisstyrk, vegna stofnfækkunar, sem um ræðir í 39. gr., er heimilt að veita fjáreigendum rétt til styrks, vegna óeðlilega mikils viðhalds á fjárstofninum af völdum mæðiveikinnar, eftir þessum reglum.

- a. Ef fjáreigandi þarf meira en 15% árlega til viðhalds fjárstofninum á þriðja til og með áttunda ári frá því að veikin kom í fé hans, fær hann rétt til uppeldisstyrks á jafnháa tölu lamba og umfram er 15%. Ef minna en 15% þarf til viðhalds einhver af þessum árum, dregst á sama hátt frá sú tala, sem á vantar 15%.
- b. Ef fjáreigandi hefur á öðru ári eftir að veikin kom í fé hans, sett á fleiri gimbrarlömb en nemur 10% af þáverandi ærstofni hans, fær hann rétt til uppeldisstyrks á þá tölu, sem umfram er, en ef ásett gimbrarlömb á því ári nema ekki 10% af ærstofninum, dregst sú tala, sem vantar á að svo sé, frá tölu styrkhæfra líflamba eftir þessari grein. Tölu styrkhæfra lamba, samkvæmt þessari grein, skal reikna út frá ári til árs og halda henni aðgreindri frá tölu styrkhæfra lamba eftir 39. gr. Ekki skal úthluta styrk samkvæmt þessari grein fyrr en lokið er að úthluta þeim styrk, sem aðila ber samkvæmt 39. gr.

## 41. gr.

Upphæð uppeldisstyrks á hvert styrkhæft líflamb, ákveður sauðfjársjúkdómanefnd árlega með hliðsjón af tölu styrkhæfra lamba á hverju ári, og því fé sem nefndin hefur til ráðstöfunar árlega í þessu skyni.

Uppeldisstyrkur fellur í þrjá flokka:

Í 1. fl. koma 20 fyrstu lömbin, sem styrks njóta hjá hverjum fjáreiganda og enn fremur til viðbótar sú tala umfram 20, sem þarf að bæta við ærtölu hans í árslok þegar veikin hefur verið full 2 ár í fé hans, samanber 39. gr., til þess að náð sé 50%

af upphaflegum ærstofni, þó skulu aldrei koma fleiri en 50 lömb í 1. flokk hjá hverjum einstökum fjáreiganda. 4

2. jan.

Í 2. fl. kemur það, sem eftir er af tölu styrkhæfra lamba vegna stofnfækkunar hjá hverjum fjáreiganda, samkv. 39. gr.

Í 3. flokk kemur tala þeirra lamba, sem heimilt er að styrkja vegna viðhalds á fjárstofni, samkv. 40. gr.

## 42. gr.

Framkvæmdanefnd tilkynnir aðilum þegar hún hefur lokið úthlutun hvert sinn, hve mikils styrks þeir megi vænta það ár.

Framkvæmdanefnd sér um greiðslu á vaxtatillagi styrks upp í jarðarafgjöld og lambauppeddisstyrk.

Ef fjárstofn viðkomandi fjáreiganda virðist mjög næmur fyrir veikinni, getur nefndin gert það að skilyrði fyrir útborgun uppeldisstyrks, að aðili kaupi líflömb af öðrum fjárstofni, með samþykki nefndarinnar eða eftir tilvísun hennar.

Nefndin ávísar vegafénu til vegamálastjóra og jarðræktarstyrknum til Búnaðarfélags Íslands, og skulu þessir aðilar hafa eftirlit með þessum framkvæmdum og annast útborgun samkv. því, sem unnið hefur verið og heimild er til.

## 43. gr.

Hreppssjóður greiðir allan kostnað við söfnun skýrslna og úthlutun styrktarfjárins innan hrepps. Sýslusjóður greiðir á sama hátt kostnað við störf sýslufulltrúa og skiptinguna milli hreppa.

## 44. gr.

Bændur þeir, sem reglugerð þessi nær til, fá án þess að greiða dráttarvexti frest á greiðslu árgjalda í lánsstofnunum, þar til séð er, hvort og hve mikinn styrk þeir fá á því ári samkv. reglugj. þessari, og er óheimilt að segja upp lánnum vegna þess dráttar. Dráttur á greiðslu jarðarafgjalda til sama tíma varðar ekki missi ábúðar.

## 45. gr.

Framkvæmdanefnd ákveður bætur fyrir fé, er hún lætur slátra vegna vörzlu og enn fremur til þess að hindra sýkingu af völdum fjárflutninga, svo og fyrir það fé, sem nefndin lætur slátra vegna þess, að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bæturnar skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á féð frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi. Bætur þessar greiðast úr rikissjóði.

## 46. gr.

Nú vill svo til, að allmörgu fé er slátrað frá sama fjáreiganda vegna þess að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir, og er þá framkvæmdanefnd heimilt að veita viðkomandi fjáreiganda rétt til uppeldisstyrks til viðbótar við bætur þær, sem um ræðir í 45. gr., eftir þessum reglum:

- a. Uppeldisstyrkur er aðeins veittur á þær ær, sem slátrað er vegna rannsóknanna, samkv. vottorðum trúnaðarmanna nefndarinnar, svo og þær sem drepast, ef trúnaðarmaður hefur skoðað innýflin og fundið einkenni sjúkdóms, er reglugerð þessi tekur til.
- b. Styrkhæf ærtala fæst með því að draga 15% frá þeirri ærtölu, sem skorin var, þó verður styrkur ekki veittur nema missir á því ári, sem miðað er við, nái 5% af upphaflegri ærtölu.
- c. Styrkinn má veita jafnóðum og sannað er af áramótaskýrslu, að gimbrarlömb séu sett á. Ef ekki er alið upp jafnmargt fé og styrkhæft er á sama ári og skorið

4 er, sé styrknum úthlutað á nöfn fjáreigenda, en hann ekki greiddur fyrr en  
2. jan. skilyrðum um uppeldi er fullnægt.

## V. KAFLI

### Almenn ákvæði.

#### 47. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum eftir því, sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

#### 48. gr.

Nú virðist reynslan benda til, að vissir fjárstofnar séu lítt næmir eða minna næmir gagnvart einhverjum framangreindra sjúkdóma, og getur þá framkvæmdanefnd ákveðið, í samráði við landbúnaðarráðherra, að lömbum af þeim fjárstofnum sé ekki slátrað. Fjáreigendum, sem hafa óhraustari fjárstofn, skal þá gefa kost á að fá þessi lömb til ásetnings.

Verðlag á þessum lömbum skal ákveðið af kjötverðlagsnefnd fyrir 1. sept. ár hvert, miðað við þunga þeirra á fæti, fyrst áætlað verð og síðar endanlegt verð, eftir að sölu sláturafurða þess árs er lokið. Skal ávallt verðleggja lömbin þannig, að seljendur fái að lokum fullt niðurlagsverð fyrir þau.

Heimilt er nefndinni, telji hún þess þörf og samkomulag næst ekki um kaup á lömbunum á framan greindum grundvelli, að taka það af þeim eignarnámi, ef með þarf, sem eigandi þeirra þarf ekki sjálfur til ásetnings.

#### 49. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd ákveðið að nota heimild þá, er um getur í 48. gr. Skal hún, eftir að hafa aflað sér upplýsinga um, hve mörgum lömbum fjáreigendur, sem hún óskar eftir að fá lömb frá, muni geta fargað til lífs, tilkynna þeim með hæfilegum fyrirvara fyrir hverja sláturtíð, hve mörg lömb nefndin óski eftir að fá og hvenær þau verði tekin. Á sama hátt skal nefndin tilkynna þeim fjáreigendum, sem lömb vilja fá, hversu mörg lömb þeir geti fengið og hvenær.

#### 50. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álitur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

#### 51. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmda-atriði, er kalla að í hvert sinn ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

#### 52. gr.

Allir þeir, sem starfa að söfnun tjónsskýrslna og úthlutun styrktarfjár, samkvæmt þessari reglugerð, eru bundnir þagnarskyldu um allt, sem þeir komast að vegna starfs síns og snertir efnahag einstakra manna.

#### 53. gr.

Brot gegn reglugerð þessari og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 kr. eða fangelsi og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 4  
2. jan.

*Landbúnaðarráðuneytið, 2. janúar 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Vígfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

5

2. jan.

um notkun heimildar laga nr. 93 9. júlí 1941, um innheimtu á ýmsum gjöldum árið 1942 með viðauka.

Hér með auglýsist, að ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 93 9. júlí 1941 og innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem eru taldar í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

Viðaukinn reiknast á þann hátt, sem segir í 1. mgr. 2. gr. fyrrnefndra laga.

*Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

## AUGLÝSING

6

3. jan.

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við samþykkt nr. 92 frá 2. september 1935, um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

### SAMPYKKT

um viðauka við samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist: . . . ; af biósýningum greiðist 20 krónur af hverri sýningu.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*